



## Gjaldskrá heimþjónustu

Gildir frá 15. febrúar 2017

Útreikningar á gjaldtöku fyrir heimþjónustu miðast við tekjur heimilisins. Viðmiðunarupphæðir í gjaldskrá eru fengnar með því að miða við lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun. Þegar um sambýlisfólk er að ræða þá er upphæð margfölduð með 1,6.

Ef lausafjäreignir allra sem búa á viðkomandi heimili fara yfir 2.527.530 kr. skal 75% umframeigna lausafjár leggjast ofan á árstekjur. Viðmiðunarupphæð lausafjäreigna skal taka mið af breytingum vísitölu neysliverðs sem reiknast frá 1. nóvember 2016 og uppreiknast um áramót. Upphæð greiðslna er hlutfall af tímakaupi starfsmanna í félagslegri heimþjónustu og miðast við launaflokk 126, 3. þrep að viðbættu orlofi og launatengdum gjöldum samkvæmt launatöflu AFL - Starfsgreinafélags, samtals 2.657 kr. Sveitarfélagið niðurgreiðir félagslega heimþjónustu um 40% fyrir alla notendur.

Óskertur lífeyrir einstaklinga 280.000 kr.

Hægt er að sækja skriflega um lækkun gjalds og skal það metið sérstaklega og afgreitt af félagsmálanefnd.

Kostnaður sem hver einstaklingur greiðir á klst., miðað við tekjur. Mismunur er x 1,6 hjá hjónum.

Tekjur einstaklinga		Tekjur hjóna		Hlutfall greiðslu	Greiðsla hver klst.
frá	til	frá	til		
0	280.000 kr.	0	448.000 kr.	0% niðurgreidds tímakaups	0 kr.
280.000 kr.	420.000 kr.	448.000 kr.	672.000 kr.	50% niðurgreidds tímakaups	798.kr
420.000 kr.	og hærra	672.000 kr.	og hærra	100% niðurgreidds tímakaups	1.595.kr

- Aldrei er innheimt fyrir meira en tíu tíma aðstoð á mánuði.
- Félagsleg heimþjónusta vegna fatlaðra barna er gjaldfrí.
- Heimsendir matarbakkar kosta 1.070 kr. eftir að sveitarfélagið hefur niðurgreitt hvern bakka um 550 kr.
- Dagvistargjald 920 kr. á dag

Samþykkt á fundi félagsmálanefndar 14.desember 2016 og í bæjarstjórn 19.desember 2016.

Breytt gjaldskár tekur gildi 15. febrúar 2017